




Öndunarfærasýkingar

Vika 50 árið 2022


Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

Inflúensa


Veruleg aukning var í fjölda þeirra sem greindust með inflúensu síðastliðna viku samanborið við vikurnar á undan (mynd 1). Samtals greindust 75 einstaklingar, þar af 64 með inflúensustofn A(H1) pdm09, 10 með stofn A(H3) og einn með stofn B. Þetta eru rannsóknir frá rannsóknarstofu. Hlutfallslega flestir sem hafa greinst hingað til eru á aldrinum 0–4 ára og 65 ára og eldri og er það í samræmi við undanfarin inflúensutímabil (Mynd 2). Fjöldi með inflúensulík einkenni, sem eru klínískar greiningar á öndunarfæra-einkennum skráðar í sjúkraskrá, jókst einnig og nánast tvöfaldaðist á milli vikna (mynd 3).



Mynd 1 Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum. Veturinn 2022–2023 til og með viku 50.




Mynd 2 Fjöldi á 100.000 íbúa með staðfesta inflúensu eftir aldri. Veturinn 2022–2023 til og með viku 50.



Mynd 3 Fjöldi með inflúensulík einkenni samanborið við meðalfjölda flensutímabila 2015–2022

COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)

Samtals 312 einstaklingar greindust með COVID-19 hér á landi síðastliðna viku sem eru töluvert fleiri en greinst hafa undanfarnar vikur (mynd 4). Hlutfall jákvæðra sýna af heildarfjölda sýna er áfram hátt og var í síðastliðinni viku að meðaltali 37% sem endurspeglar hverjir fara í sýnatöku en gefur einnig til kynna að dreifing í samfélaginu sé meiri.




Mynd 4 Fjöldi COVID-19 greininga eftir vikum

RSV og aðrar öndunarferasýkingar

Aukning var í fjölda þeirra sem greindust með RS veiru (RSV) á milli vikna. Í viku 50 var RSV staðfest hjá 29 einstaklingum. RSV veldur yfirleitt vægum veikindum en getur valdið alvarlegum veikindum eins og lungnabólgu hjá ungum börnum og fólki eldra en 65 ára. Ekkert bóluefni eða lyf er til gegn RSV. Líkt og undanfarnar viku var einnig mikið um greiningar á öðrum öndunarferaveirum s.s. Rhinoveirum, Adenoveirum, Enteroveirum, Parainflúensu og kórónaveirum öðrum er SARS-CoV-2, og Metapneumóveiru (hMPV), sjá töflu á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).

Skarlatsótt


Undanfarið hefur orðið aukning í klínískum greiningum á skarlatsótt, hálsbólgu og einnig eyrnabólgu umfram það sem sést hefur undanfarnar ár (mynd 5). Streptókokkar flokkur A geta valdið skarlatsótt. Þessi baktería eru einnig orsök streptókokka [hálsbólgu](#). Stundum búa bakteríurnar til eitrefni (toxín), sem veldur ákveðinni tegund útbrot, sem skarlatsótt er kennd við. Streptókokkar í flokki A eru smitandi og dreifast með dropum frá öndunarvegi og beinni snertingu. Einkennin geta verið lík veirusýkingu en streptókokkar eru bakteríusýking sem algeng sýklalyf virka gegn. Stundum kemur bakteríusýking í kjölfar veirusýkingar. Ekki eru merki um aukningu á svokölluðum ífarandi streptókokkasýkingum, sem eru alvarlegri sýkingar. Bólusetningar gegn veirusýkingum, almennar sóttvarnir og hreinlæti minnka líkur á smiti.



Mynd 5 Uppsafnaður fjöldi greininga á Skarlatsótt eftir árum. Árið 2022 til og með viku 50.

Innlagnir á sjúkrahús

Fjöldi innlagna með eða vegna COVID-19 fækkaði á milli vikna en fjöldi þeirra sem lögðust inn vegna inflúensu jókst. Fjöldi innlagna vegna RSV var svipaður milli vikna. Innlagnir voru algengastar í elstu aldurshópunum vegna COVID-19 og inflúensu en í yngstu aldurshópunum vegna RSV. Tólf einstaklingar eru nú inniliggjandi á Landspítala með COVID-19 og þrír á Sjúkrahúsínu á Akureyri, enginn á gjörgæslu.



Mynd 6 Fjöldi innlagna vegna COVID-19, inflúensu og RSV eftir vikum á Landspítala, vika 40–50

Samantekt

Töluverð aukning var milli vikna í fjölda greininga á COVID-19, inflúensu, RSV. Heildafjöldi innlagna stóð í stað, en það dró úr innlögnum vegna COVID-19 á sama tíma og innlögnum fjölgaði vegna inflúensu. Klínískar greiningar benda til hærri tíðni öndunarfærasýkinga en í venjulegu ári.

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og að smita aðra. Við minnum alla á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna handhreinsun.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.
- Forðast fjölmenni og halda fjarlægð eins og hægt er.



Staðan í Evrópu

Úttekt Sóttvarnastofnunar Evrópu (ECDC) sýnir að tilfellum COVID-19 í ESB/EES-ríkjum fjölgaði um 6% frá fyrri viku, einnig hjá eldri en 65 ára. Innlagnir á sjúkrahús og gjörgæslu stóðu í stað. Fækkun var áfram á dauðsföllum. Algengustu afbrigði veirunnar, í þeim löndum sem raðgreina, eru ómíkrón afbrigðin BA.5 og BQ.1, tíðni BA.2.75 og XBB og annarra afbrigða er sjaldgæfari (svipað og héraendis).

Faraldur inflúensu geisar í Evrópu og er í sókn. Þetta er fyrr en í venjulegu ári. Bæði A og B inflúensa greinast. Af tegund A eru tegundirnar A(H1)pdm09 og A(H3) algengastar. Tegund B greinist helst í Austur-Evrópu. [Sjá nánar hér.](#)

Fleiri RS veirusýkingar (RSV) hafa greinst en venjulegt var fyrir heimsfaraldur með aukningu á innlögnum á sjúkrahús. Sóttvarnastofnun Evrópu metur áhættu af veikindum vegna RSV háa hjá börnum yngri en 6 mánaða og einstaklingum eldri en 65 ára. [Sjá hér.](#)

Aukning á streptókokka sýkingum úr flokki A hefur orðið vart í Evrópu þ.m.t. skarlatsótt, hálsbólgu en einnig svokölluðum ífarandi sýkingum, sérstaklega hjá börnum. Þess má geta að árin 2020 og 2021 var óvenjulítið um slíkar sýkingar. Afbrigðin sem hafa greinst eru þekkt og ekki ný af nálinni. Sjá einnig [hér.](#)